



Fundargerð aðalfundar deildar leiðsögufólks í VR 4. nóvember 2025, Hús verslunarinnar, 9. hæð.

Formaður deildarinnar, Halldór Kolbeins, setti fund kl. 20:00 og bauð fundarfólk velkomið.

1. Kosinn fundarstjóri

Halldór lagði til að Magnús M. Norðdahl, ASÍ, yrði fundarstjóri. Ekki komu aðrar uppástungur og tók Magnús við stjórn fundarins.

2. Kosinn ritari

Fundarstjóri stakk upp á Sólveigu Lilju Snæbjörnsdóttur sem ritara fundarins. Ekki komu aðrar uppástungur og var Sólveig kosin fundarritari.

Fundurinn var auglýstur á vef VR, vefmiðlinum visir.is og samfélagsmiðlum frá og með þriðjudeginum 14. október. Öllu fullgildu félagsfólki í deild leiðsögufólks í VR var sendur tölvupóstur þann 14. október og aftur þann 21. október þar sem minnt var á fundinn. Í póstinum var hlekkur á skráningu. Fundarstjóri óskaði eftir athugasemdum um lögmæti fundarins. Engar voru gerðar.

Að svo búnu úrskurðaði fundarstjóri fundinn löglega boðaðan þann 28. október 2025, og löglega framhaldið nú þann 4. nóvember eftir hafa verið frestað vegna veðurs. Til fundarins hafi því verið boðað með löglegum hætti samkvæmt 6. grein starfsreglna deildar leiðsögufólks í VR.

Fundarstjóri kynnti því næst dagskrá fundarins og fór yfir fyrirkomulagið. Fundurinn er haldinn bæði í stað- og fjarfundi. Þátttakendur í fjarfundi voru beðnir um að rétta upp rafræna hendi ef þeir vildu taka til máls. Fundurinn yrði túlkaður á ensku á Teams. Kynningar á fundinum yrðu á íslensku sem og allar tillögur. Kosningar á fundinum yrðu ýmist með handaruppréttingu eða rafrænt. Að lokum benti fundarstjóri á að fundargögn væri að finna á vef VR.

3. Skýrsla stjórnar

Formaður deildar leiðsögufólks í VR, Halldór Kolbeins, fór því næst yfir skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár í ávarpi sínu á fundinum. Halldór sagði þessa fyrstu mánuði frá sameiningu VR og Leiðsagnar hafa verið eins konar millibilsástand. Halldór sagði frá því að stjórn deildarinnar hafi haldið fjóra fundi og verið í mikilli vinnutörn í sumar. Á fyrsta fundi hafi stjórn skipt með sér verkefnum þar sem Hildur Þöll Ágústsdóttir hafi tekið að sér starf varaformanns, en beðist lausnar í október af heilsufarsástæðum. Halldór þakkaði henni fyrir vel unnin störf.

Halldór sagði frá því að Haraldur Þorvaldsson hafi hætt sem formaður í Félagi Íslenskra fjallaleiðsögumanna og að Íris Ragnarsdóttir Pedersen hafi tekið við sem formaður félagsins. Íris tók þó ekki sæti í stjórn deildar leiðsögufólks, heldur Soffía Sóley Helgadóttir sem verður fulltrúi Félags Íslenskra fjallaleiðsögumanna í stjórn deildarinnar.

Því næst fór Halldór yfir stöðu mála sem komu með Leiðsögn til deildarinnar. Þrjú mál eru hjá lögmanni sem send voru í lok sumars. Hjá félaginu er 21 mál opið til úrvinnslu og skoðunar. Þá hafa verið stofnuð 55 mál það sem af er ári fyrir leiðsögufólk. Mál vegna leiðsögufólks eru um fjögur og hálft prósent allra mála hjá VR, en samkvæmt núverandi skráningu í deild leiðsögufólks eru 483 skráðir eða eitt prósent félagsfólks í VR.

Hér hefur orðið algjör viðsnúningur sagði Halldór og að kjarabrotamálin hafi verið akkilesarhæll í gamla félaginu. Þakkarvert að þau séu komin í farveg.

Því næst fór Halldór yfir stöðuna á kjarasamningnum. Hann sagði frá því að samtal væri í gangi við SAF milli kjarasamninga um bókanir sem gerðar voru. Vinna væri hafin við hæfnigreiningu og fagbréf. Einnig væri hafin vinna við bókun í tengslum við gerviverktöku.

Þá sagði Halldór að önnur mál væru komin í hendur fagmanna hjá VR.

Því næst fór Halldór yfir stöðuna á námi fyrir leiðsögumenn. Stefnt er að því að fá úttektir á skólunum sem bjóða nám fyrir leiðsögumenn. Staðan er þannig að enginn skóli er með úttekt. Leitað hefur verið til BSI á Íslandi og búið er að taka út einn skóla og hinir skólarnir komnir með dagssetningar fyrir úttekt. Halldór sagði að endanleg niðurstaða ætti að vera komin í lok árs. Þetta er verkefni sem stjórn Leiðsagnar setti í gang og klárast núna.

Halldór fjallaði um vinnu Vinnueftirlitsins á árinu þar sem farið var í eftirlitsáttak með fólksflutningum og leiðsögn í ferðaþjónustu í sumar. Alls fóru átta dagar í þessa vinnu, en afla þurfti betri upplýsinga um það hver staðan væri. Rætt var við 404 launamenn og verktaka, af þeim voru 42% starfandir sem ökuleiðsögumenn og 18% sem leiðsögumenn. Af þeim fyrirtækjum sem eftirlitsmenn áttu snertingu við voru 42 fyrirtæki erlend fyrirtæki sem voru ekki skráð í fyrirtækjaskrá skattsins. Halldór sagði þetta vera sláandi niðurstöðu. ASÍ vinnur að skýrslu um þetta áttak.

Halldór sagði að stjórn deildarinnar hafi haldið fjóra fundi og unnið að tillögu að siðareglum nýs félags. Þær hafi verið unnar úr siðareglum sem voru fyrir.

Hann sagði deildina vera að hefja starfið og þakkaði fyrir sig.

Fundarstjóri þakkaði Halldóri fyrir.

Ávarp formanns VR

Halla Gunnarsdóttir formaður VR var því næst með ávarp. Hún byrjaði á því að óska viðstöddum til hamingju með sameininguna. Gott hafi verið að fá afgerandi niðurstöðu í kosningunni um sameininguna og forystu deildarinnar. Slíkt styrkir félögin, faglega starfið og VR sem stéttarfélag. Skrifstofa VR tekur við mörgum málum og deildin sjálf fái nú pláss til að vinna að því sem skiptir máli.

Þá fór Halla yfir stóru málin hjá VR þessi misserin.

Í grunninn er verið að vinna að tveimur stórum verkefnum sem eru kjarasamningar og skipulag félagsins.

Varðandi vinnu við kjarasamningana er verið að fylgja eftir þeim sem gerðir voru í fyrra á tíma mikillar verðbólgu og stýrivaxta í trausti þess að hið opinbera myndi halda aftur af álögum og fyrirtæki haldi verði niðri. Seðlabankinn hafi á þessum tíma sagt kjarasamningana stærsta óvissupáttinn.

Halla sagði samningana hafa kveðið á um lágar launahækkanir og að ætlast hafi verið til þess að þau sem fyrst sömdu hafi átt að ráða ferðinni fyrir alla sem á eftir komu. Hún sé ekki viss um að þetta sé gott til framtíðar.

Halla sagði loforð hjá hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum, ekki hafa gengið eftir varðandi t.d. gjaldskrár. En grundvallarbreytingar á gjaldskrár leikskóla með tekjutengt fyrirkomulag liggja fyrir hjá borginni, svipaðar þeim sem mörg sveitarfélög hafi þegar tekið upp, og sagði hún VR ætla að taka hart á því máli. Hún sagði ekki vera hægt að samþykkja að annað hvort foreldrar eða starfsfólk þurfi að bera þessar byrðar.

Þá sagði Halla að fyrirtækjum hafi ekki gengið vel að halda aftur af hækkunum og að sum auki gróðann sinn á verðbólgutímum. Lágvaxtatímabilið var í tvö ár, en við erum búin að lifa lengur við hávextina og þetta hefur gríðarleg áhrif á allt.

Halla bendir á að eiginleg forsenduákvæði kjarasamninga lúti að tveimur atriðum, það er að verðbólga sé undir ákveðnu viðmiði og hitt að stjórnvöld standi við þær lagabreytingar sem þau lofuðu. Halla fjallaði um þær breytingar sem gerðar hafi verið á Menntasjóði námsmanna. Gera átti breytingar á lögum um Menntasjóð til að létta vaxtabyrði og draga úr ófyrirséðum hækkunum vegna verðbólgu og vaxta á afborganir lána. Það gekk ekki eftir, en dugði ekki til að forsendur samninga brýsti því frumvarp um þessar breytingar liggja fyrir.

Hitt verkefnið hjá VR er að undirbúa okkur fyrir næstu samninga. Sú vinna er hafin. Deild leiðsögufólks er með sinn eigin samning en vinna vegna kjarasamninga VR mun nýtast í þeim samningi líka.

Halla reifaði aðeins þá skipulagsvinnu sem stjórn VR vinnur að. Miklar breytingar hafa verið hjá félaginu og hefur það gengið í gegnum margar sameiningar á síðustu 20 árum. Þar má nefna sameiningar á Suðurlandi, Hafnarfirði, Akranesi, Austurlandi, Vestmannaeyjum og nú Leiðsögn. Afleiðing þessa er að skipulagið er um sumt handahófskennt. Með deild leiðsögufólks er komin fyrsta deildin sem er fag tengd, en þá eru hjá félaginu tvær landshlutatengdar deildir og ein fagdeild. Þess vegna er verið að leggja upp í þá vegferð að skoða skipulag VR, hvað þjónar félagsfólki best sem og öllum öngum starfsins.

Halla sagði félagið vera að sýsla með margt annað og nefndi húsnæðismálin meðal annars. Lauk hún þar með máli sínu og þakkaði fyrir sig.

Fundarstjóri þakkaði Höllu fyrir og opnaði fyrir umræður um skýrslur:

Lovísa Birgisdóttir tók til máls. Hún sagði þar sem Halla hafi minnst á Menntasjóð námsmanna vildi hún benda á að hún verði 104 ára þegar hún verði búin að borga námslán, er að borga ein eða tvenn mánaðarlaun á ári í námslán. Hún spurði hvort hægt væri að skoða þetta.

Umræður urðu um greiðslubyrði lána í kjölfarið en nám leiðsögufólks er lánshæft, að því er fram kom á fundinum. Halla benti á að við breytingar á lögum um námslán fyrir nokkrum árum hafi vöxtum verið breytt í markaðsvexti sem þyngi mjög greiðslubyrði lána. BHM hefur kallað eftir aðgerðum og hefur VR stutt þær kröfur.

4. Breytingar á starfsreglum

Fundarstjóri bauð Sigrúnu H. Pálsdóttur að koma og kynna tillögur hóps sem hún fer fyrir að breytingum á starfsreglum deildar leiðsögufólks.

Sigrún áréttaði að hún væri með bókun um lögmæti fundarins eins og hún vildi kynna í upphafi fundar. Fundarstjóri kvað þegar hafa verið úrskurðaðan lögmætan og athugasemdir kæmust því ekki að á þessu stigi. Athugasemdir hennar mætti hins vegar ræða undir liðnum önnur mál. Sigrún kynnir því næst breytingartillögur hópsins. Tillögur eru merktar frá 1-5.

Sigrún hefur mál sitt á því að segja að sér þyki gott að leiðsögufólk sé komið í svo öflugt félag eins og VR er. Það séu helst smáir hlutir sem varða fyrst og fremst möguleika félagsfólks til áhrifa sem hún vill að sé skoðað. Þá kynnir Sigrún tillögu eitt.

Tillaga 1

2. gr. Tilgangur

Núgildandi: „Eiga frumkvæði að og stýra faglegri þróun leiðsögustarfsins“

Breytist svo: „Eiga frumkvæði að og stýra faglegri þróun leiðsögustarfsins“, m.a. með hliðsjón af Evrópustaðli ÍST EN 15565:2008 að því er varðar nám í almennri leiðsögn.

Skýring: Skv. 2. gr. starfsreglna er deildinni ætlað það mikilvæga hlutverk að standa vörð um menntun og efla fagmennsku leiðsögufólks. Ríkisvaldið gerir þá kröfu til náms og starfsundirbúnings leiðsögufólks að menntunin taki mið af Evrópustaðlinum ÍST EN 15565:2008. Það er því einboðið að gera þarf grein fyrir staðlinum sem viðmiði er varðar nám í almennri leiðsögn í 2. gr. um tilgang deildarinnar.

Evrópustaðallinn tók gildi árið 2008 og hafa í dag a.m.k. þrír leiðsöguskólar uppfært sínar nám- og kennsluskrár með hliðsjón af honum.

Sigrún bætti við að henni skildist að BSI á Íslandi sé að gera úttekt á öllum leiðsöguskólunum. Talað væri um að samevrópska staðfestingu á staðlinum væri afrek og að staðallinn hjálpaði ferðaleiðsögumönnum að þróa sinn feril og fleira. Þá sagði Sigrún að þegar fagfélag er stofnað með það markmið að efla starfsundirbúning teljum við að það auka trúverðuleika deildarinnar að vísa í staðalinn.

Þá kynnti Sigrún tillögu 2.

Tillaga 2

4. gr. Stjórn - I.

Núgildandi: „Varamenn skal kjósa til tveggja ára.“

Breytist svo: „Varamenn skal kjósa til eins árs.“

Skýring á breytingu: Sú nýbreytni að varamenn í stjórn skuli skv. starfsreglum nú sitja í tvö ár, í stað eins, getur haft letjandi áhrif á endurnýjun í stjórn sem ekki er gott. Í stjórn deildar leiðsögufólks eru varamenn þau sem ekki hafa fengið nægilegt magn atkvæða til að ná kjöri í aðalstjórn. Eitt ár er því hæfilegur skipunartími sem að auki skapar svigrúm til örari endurnýjunar. Í dag eru 6 karlar og einungis ein kona í aðalstjórn deildarinnar. Til að leiðrétta kynjamisræmið í stjórninni er meira svigrúm til örari endurnýjunar því það sem deildin þarf á að halda, í stað þaulsetu varamanna.

Sigrún benti á að skýringin á þessari tillögu sé að stytta setu varamanna um eitt ár af því að þeir hlutu ekki kosningu sem aðalmenn.

Þá kynnti Sigrún tillögu 3.

Tillaga 3

4. gr. Stjórn - II.

Núgildandi: „Tveir stjórnarmenn eru tilnefndir sem fulltrúar sinna hópa: Félag ökuleiðsögumanna tilnefnir einn og Félag fjallaleiðsögumanna tilnefnir einn.“

Breytist svo: „Tveir stjórnarmenn eru tilnefndir sem faglegir fulltrúar sinna hópa.“
Faglærður leiðsögumaður með nám að baki sem fullnægir kröfum Evrópustaðalsins ÍST EN 15565:2008 skal tilnefndur í stjórn af félagsmönnum á aðalfundi deildarinnar. Þá skal Félag fjallaleiðsögumanna tilnefna einn stjórnarmann.

Skýring á breytingu: Þegar litið er til 2. gr. starfsreglna um tilgang deildarinnar sker í augu að faglærðir leiðsögumenn, með menntun í almennri leiðsögn sem tekur mið af Evrópustaðli, skuli ekki eiga fastan fulltrúa í stjórn deildarinnar. Til samanburðar velur Félag fjallaleiðsögumanna sér fulltrúa í deildina á grundvelli sérmenntunar á sviði fjallaleiðsagnar og er það vel. Í ljósi þess að mikill fjöldi leiðsögumanna er með menntun sem tekur mið af staðlinum og séríslenskum aðstæðum er einboðið að í starfsreglum félagsins verði aðalfundi deildarinnar falið að tilnefna leiðsögumann í stjórn deildarinnar með menntun sem uppfyllir viðmið stjórnvalda. Erfitt er að sjá að deildin geti náð því markmiði sínu að standa vörð um menntun og fagmennsku leiðsögufólks ef umræddir leiðsögumenn eiga sér ekki fastan fulltrúa sem hefur umsjón með því verki í stjórn. Hvað Félag ökuleiðsögumanna varðar virðist vera sáralítill virkni í félaginu. Útlit er fyrir, sbr. heimasíðu, að ekki hafi verið haldinn aðalfundur á þessu ári en hann á að halda fyrir 1. maí ár hvert, skv. lögum félagsins. Eina fréttabréfið er frá janúar 2023 og eina fréttin um aðalfund 30. maí 2024. Meira en ár er síðan varamaður í stjórn Félags ökuleiðsögumanna lést og er nafn hans enn á opinberri vefsíðu félagsins. Sú spurning er áleitin hvaða skilyrði félög sem tilnefna sérstakan fulltrúa í stjórn deildar leiðsögufólks í VR þurfa að uppfylla. Er ekki lágmarkskrafa að þau geti sýnt fram á virkni í félaginu og að nöfn stjórnarliða á opinberri heimasíðu endurspegli raunveruleikann? Einnig er ekkert sem upplýsir okkur um í hvers umboði fulltrúi félagsins í stjórn deildarinnar starfar. Á heimasíðunni er enga fundargerð að finna, auk þess sem tilnefning í embætti fulltrúa í stjórn deildarinnar kemur hvergi fyrir í lögum Félags ökuleiðsögumanna. Þess má síðan geta að töluverður fjöldi ökuleiðsögumanna eru félagar í VR. Við það bætist síðan að mikill fjöldi fyrrum og núverandi stjórnarmanna í Félagi ökuleiðsögumanna á sæti í aðal- og varastjórn deildar leiðsögumanna í VR. Það er því eins og að bera í bakkafullan lækinn að fulltrúi Félags ökuleiðsögumanna skuli vera tilnefndur sérstaklega í stjórn deildar leiðsögufólks hjá VR. Samantekið virðist sem endurmeta þurfi hvaða skilyrði önnur félög skuli uppfylla til að öðlast rétt til að tilnefna fulltrúa í stjórn deildarinnar. Það að vera með tiltekin ökuréttindi virðist í ljósi 2. gr. um tilgang deildarinnar vera langsótt. Hlutverk deildarinnar er fyrst og síðast að beita sér fyrir því að efla kaup og kjör og menntun leiðsögufólks í leiðsögn. Þessi markmið þarf stjórn deildarinnar fyrst og fremst að endurspegla. P.s. Því er við að bæta að 2 flutningsmanna breytingartillögunnar eru ökuleiðsögumenn.

Sigrún bætir við að hún sé sjálf ökuleiðsögumaður og annar flutningsmaður þessara tillögu líka. Hún segir tillöguna ekki framsetta af illum hug, heldur af rökum.

Fundarstjóri þakkar Sigrúnu fyrir og segir eina tillögu vera um nefndir. Fundarstjóri spyr hvort einhver sé tillöguþjafi?

Atli Sigurðarson kynnir tillögu númer fjögur. Atli segist vilja nota tækifærið og lýsa yfir ánægju með að leiðsögn sé komin í VR. Hann sjálfur hafi verið í VR í áraraðir. Svo kynnir hann tillögur 4 og 5.

Tillaga 4

5. gr. Nefndir

Núgildandi: „Ef skipuð er nefnd þarf hún að hafa fast ákveðinn tilgang og markmið.“

Breytist svo:

5. gr. Starfshópar

Þegar skipaðir eru starfshópar um tiltekin verkefni sem leiða má af tilgangi deildarinnar, 2. gr., skal semja erindisbréf sem felur í sér verkáætlun og gerir grein fyrir samsetningu starfshópsins, ásamt áætluðum verklokum. Erindisbréf starfshópsins skal birta á vefsvæði deildar leiðsögufólks.

Skýring á breytingu: Starfshópar eru tímabundnir en nefndir oftast fastur liður í starfi félagasamtaka. Erindisbréf auðvelda, skýra og afmarka verkefni. Þau eru þarft verkfæri í vinnu starfshópa og algeng leið til að gera vinnuna hnitmiðaða.

Tillaga 5

6. gr. Aðalfundur og félagsfundir

Núgildandi: "Boðun félagsfunda:

Félagsfundir eru haldnir þegar stjórn deildarinnar álítur þess þörf eða ef minnst 50 fullgildir félagar óska þess."

Breytist svo: "Boðun félagsfunda": Félagfundir eru haldnir þegar minnst 3 stjórnarmenn í deildinni telja þess þörf eða ef minnst 15 fullgildir félagar óska þess skriflega að halda slíkan fund.

Skýring á breytingu: Í starfsreglum deildar leiðsögufólks í VR er svigrúm félagsmanna til að krefjast félagsfundar minnkað með því að hækka tölu þeirra félagsmanna stórlega sem til þarf til að krefjast félagsfundar. Í lögum Leiðsagnar var tala þeirra 20. Í reglum deildar leiðsögufólks í VR eru þeir 50 sem samsvarar því að 17% félagsmanna þurfi til að krefjast félagsfundar. Hjá VR er þessi tala 1%, sbr. 25. gr. laganna og í trúnaðarráði VR geta 15 ráðsmenn af 82 kallað eftir félagsfundi. Talan 50 er því hvorki í samræmi við það sem tíðkast hjá VR, né það sem var hjá Leiðsögn. Skv. upplýsingum sem fram komu á fundi með starfsmönnum VR fyrir stuttu eru fullgildir leiðsögumenn í VR +/- 300 en voru fyrir sameininguna um 1200, sem þýðir að félagsmönnum hefur fækkað um +/- 900. Talan 50 hefur því heldur ekki tengingu við þá miklu fækkun sem orðið hefur á fjölda félagsmanna eftir sameininguna við VR. Þegar litið er til þess að hlutföllin voru áður 20/1200 en eru í dag 50/300 blasir við að hér er verið að skerða lýðræðisleg réttindi félagsmanna og torvelda þeim að nýta rétt sinn til að beita áhrifum sínum, ef þurfa þykir.

Við undirrituð teljum brýnt að sporna við því að réttur félagsmanna til áhrifa verði gerður að engu. Sitjandi stjórnir félagasamtaka starfa jú í umboði félagsmanna en ekki öfugt. Þess vegna fyrrgreind breyting á 6. gr

Fundarstjóri þakkar Atla fyrir kynninguna og býður Guðnýju Margréti Emilsdóttur að kynna næstu tillögu.

Guðný tekur til máls. Hún byrjar á því að segja að hún telji mikilvægt að formaður deildar leiðsögufólks sé með nám í leiðsögn þar sem deildin er sérstök fagdeild. Hún vísar í greinargerð Sigrúnar fyrir evrópustaðlinum og að verið að gera úttekt á skólunum. Guðný ítrekar mikilvægi þess að formaður deildarinnar og stjórnarmenn séu með viðurkennt nám. Þá kynnir hún tillögu 6.

Tillaga 6

4. gr. Stjórn

Stjórn deildarinnar skipa sjö aðilar 3. grein. Framboð til formanns og stjórnar þurfa að berast til stjórnar deildarinnar a.m.k. sjö dögum fyrir aðalfund. „Frambjóðendur til stjórnar deildar leiðsögufólks þurfa að hafa lokið viðurkenndu námi í leiðsögn.“

Fundarstjóri þakkar Guðnýju fyrir.

Flutningsmaður næstu tillögu er Snorri Steinn Sigurðsson.

Tillaga 7

6. gr. Aðalfundur og félagsfundir

Núgildandi:

Boðun aðalfundar:

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok október ár hvert. Aðalfundur, ásamt dagskrá, skal boðaður með minnst 14 daga fyrirvara með auglýsingum í vefmiðlum VR og fréttamiðlum eða á annan sannanlegan hátt sem nær til félagsfólks. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Verður:

Boðun aðalfundar:

Aðalfundur skal haldinn í október eða nóvember ár hvert. Aðalfundur, ásamt dagskrá, skal boðaður með minnst 14 daga fyrirvara með auglýsingum í vefmiðlum VR og fréttamiðlum eða á annan sannanlegan hátt sem nær til félagsfólks. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Rökstuðningur: Meiri sveigjanleiki fyrir stjórn deildar og VR að finna heppilega dagsetningu fyrir stjórn, starfsmenn, sal o.s.frv.. Vertíð leiðsögumanna er að lengjast vel inn í október mánuð og því líklegra að betri mæting verði í nóvember. Ef fundurinn er haldinn í seinni hluta nóvember er hann líka "uppgjör" á störfum stjórnar deildar það árið, því lítið er um öflug stéttarfélagssörf í desember og getur þá nýkjörin stjórn byrjað að krafti í janúar í stað þess að hefja störf korter í júl.

Fundarstjóri þakkar Snorra fyrir kynninguna og opnar fyrir umræður.

Fundarstjóri bendir jafnframt á að þær breytingar sem verði samþykktar fara í heild sinni til stjórnar VR sem beri ábyrgð á því að ganga frá þeim. Það er ferillinn sem fari í gang samkvæmt starfsreglum deildarinnar.

Örvar Már Kristinsson leggur fram eftirfarandi málsmeðferðartillögu frá stjórn deildarinnar varðandi allar frambornar tillögur:

Stjórn þakkar fyrir góðar og gagnlegar tillögur um breytingar á starfsreglum deildar leiðsögufólks í VR. Stjórn óskar eftir að breytingartillögunum sé vísað tli stjórnar til að vinna með og skili af sér þeirri vinnu á næsta aðalfundi.

Rök fyrir tillögunni: Deildin er ný innan VR og allt sem við berum upp fyrir stjórn VR þarf að standast þeirra lög og reglur.

Örvar segir að með því að óska eftir því að senda þessar tillögur til stjórnar sé verið að taka hæg og róleg skref í staðinn fyrir risabreytingar sem komi kannski aftur til baka. Betra sé að gera allt rétt og sjá til þess að það passi innan laga og reglna VR.

Þá kom spurning úr sal. Spurt er hvort það sé ekki of langur tími til næsta aðalfundar.

Örvar svara því að stjórn deildarinnar sé að leggja sig fram um að skilja hvernig kerfi VR virki. Hann telur hættu á því að ef fundurinn samþykkir eitthvað núna sem verður vísað til stjórnar þá sé hætt á að það komi til baka þar sem það passi ekki við lög VR.

Fundarstjóri spyr hvort það sé rétt að verið sé að vísa öllum tillögum til breytinga til stjórnar deildarinnar. Það er staðfest. Þetta teljist tillaga um meðferð máls og samkvæmt almennum fundarsköpum megi hafa stuttar umræður um meðferð mála. Býður fundarstjóri orðið því laust.

Sigrún H. Pálsdóttir biður um orðið og sagði að ef þetta sé gert með þessum hætti vilji hún biðja um að það komi skýrt fram að starfsreglurnar verði bornar undir atkvæði félagsfólks og að hægt verði að skrifa umsagnir. Það hafi ekki verið í boði síðast og starfsreglurnar hafa aldrei verið bornar undir félagsmenn og séu það vinnubrögð sem ganga ekki.

Fundarstjóri segir að stjórn deildarinnar hafi samráð við félagsmenn um starfsreglur og það verði fært til bókar.

Guðný Margrét Emilsdóttir segist skilja hvað Örvar sé að leggja fram og tekur undir með athugasemd Sigrúnar um að bera þurfi starfsreglur undir félagsfólk. Það hafi ekki verið gert á síðastliðnum félagsfundi 23. janúar 2025. Guðný hafi sent inn tillögur en þeim hafi ekki verið svarað. Aðeins hafi verið tekið fyrir það sem var búið að ákveða af fámennum hópi. Hún segir mjög ólýðræðislega hafi verið að þessu staðið og hræðsla um að það muni endurtaka sig. Hún segir að hópurinn sem ræður muni ekki hlusta á okkur sem erum hér úti. Þess vegna getur hún ekki stutt tillögu Örvars vegna þess að hún treysti þessu ekki.

Fundarstjóri telur þetta vera eindregin tilmæli og ítrekar að það verði fært til bókar að hafa samráð við félagsfólks.

Gengið er til atkvæðagreiðslu um breytingartillögu stjórnar um meðferð máls.

Samþykkt: 23

Á móti: 4

Samþykkt með öllum greiddum atvæðum gegn fjórum.

5. Kjör stjórnar og kjör í nefndir

Fundarstjóri greindi frá því að ekki fari fram kosning í stjórn skv. bráðabirgðarákvæði í starfsreglum. Einnig greindi hann frá því að engar tillögur liggi fyrir um skipanir í nefndir.

6. Fjárhagsáætlun

Næst á dagskrá var kynning á fjárhagsáætlun deildarinnar og bauð fundarstjóri Stefáni Sveinbjörnssyni framkvæmdastjóra VR að gera grein fyrir áætluninni.

Stefán þakkar fyrir og segist ánægður að sjá svo marga fundargesti á fundinum. Stefán greinir frá þeirri breytingu sem hefur orðið á að áður hafi verið félag sem var sjálfstæður lögaðili en nú sé allur fjárhagur hjá VR og ber VR fjárhagslega ábyrgð á Leiðsögn sem hefur runnið inn í VR. Verkefni sem áður voru hjá félaginu eins og afgreiðsla og kjaramál séu nú afgreidd á skrifstofu VR. Fjárhagsáætlun sem hann ætli að kynna snúist um starf deildarinnar.

Gert sé ráð fyrir að tekjur verði 655 þúsund kr. en kostnaður 1,5 milljónir. Ráðgjöf vegna starfsleyfisskyldu sé áætluð 600 þúsund kr., veitingar á stjórnarfundum 120 þúsund kr., kostnaður vegna aðal- og félagsfunda 390 þúsund kr., ársgjald og ferð á ráðstefnu FEG verði 465 þúsund kr. Samtals verði kostnaður 311.700 kr.

Samtals verði tekjur og kostnaður 2.456.700 kr.

Fundarstjóri þakkar Stefáni fyrir kynningu á fjárhagsáætlun og opnar fyrir umræðu.

Guðný Margrét Emilsdóttir vill fá ítarlegri upplýsingar um kostnað vegna starfsleyfisskyldu. Einnig spyr hún um FEG ráðstefnuna, hvort hún sé núna eða á næsta ári.

Fundarstjóri þakkar fyrir spurninguna. Hann segir að þeim verður safnað saman og svarað í lokin. Fundarstjóri býður orðið laust.

Friðrik Rafnsson spyr um kostnað vegna fyrirlestra. Gert er ráð fyrir milljón í fyrirlestra, er þetta endurmenntunarkostnaður? Hvaða fyrirlestrar eru ráðgerðir?

Magnús þakkar fyrir spurninguna. Fleiri fyrirspurnir komu ekki fram.

Stefán Sveinbjörnsson kemur upp og svarar fyrirspurnum. Hann byrjar á starfsleyfisskyldunni og segir frá því að verið er að vinna að því að starfa við leiðsöng verði starfsleyfisskylt. Ekki er búið að ákveða hver tekur þetta verkefni að sér. Um sé að ræða áætlun og hann sé ekki með það nákvæmlega hvað þetta muni kosta. Stefán segir það sama eiga við um FEG liðinn í fjárhagsáætluninni. Þar sé verið að tala um ramma utan um kostnað, sem er ekki bundinn í nákvæma krónutölu. Hann svarar því einnig að áætlunin sé gerð fyrir næsta ár þ.e. 2026. Varðandi fyrirspurn um hvaða fyrirlestra eigi að halda er það sama svar hjá Stefáni að hér sé um að ræða áætlun og ramma, en það eigi eftir á ákveða hvaða fyrirlestrar verða haldnir.

Fundarstjóri býður orðið laust.

Hallfríður Þórarinsdóttir leggur til að deild leiðsögufólks sendi a.m.k. tvær manneskjur á ráðstefnuna. Hún nefnir samstarf við norræna leiðsögumenn og að staðið hafi stírt um hver ætti að fara.

Guðný svarar og vill fá útskýringu á ráðstefnunni, en ekki endilega kostnaðinum.

Sigrún H. Pálsdóttir segist ekki hafa séð neina skýrslu um síðustu ferð á þessa ráðstefnu samtök evrópsks leiðsögufólks. Kannski væri bara sniðugast að sleppa þessu.

Fundarstjóri svarar henni og segist gera ráð fyrir því að reglur séu skýrar hjá VR um að skila eigi skýrslu eða greina á annan hátt frá ferðum sem farið er á vegum VR erlendis.

Stefán bað um orðið. Hann greindi frá því að haldin verði FEG ráðstefna á þessu ári, en fjárhagsáætlunin er gerð vegna ráðstefnuferð árið 2026. Hann sagði enn fremur að vitneskja

lægi ekki hjá VR um hvar ráðstefnan verði haldin 2026 eða yfir hve margir daga hún standi. Einnig sagði Stefán að hægt væri að endurskoða hve margir ættu að fara á vegum deildarinnar. Þá lauk Stefán máli sínu á því að segja frá því að það liggi fyrir skýrsla frá síðustu ráðstefnu sem væri mjög fróðleg og stjórn deildarinnar mætti skoða að setja hana á vef deildarinnar.

Fundarstjóri ítrekaði að Stefán væri að kynna áætlun og að engin atkvæðagreiðsla færi fram um hana.

Fundarstjóri spurði hvort fleiri hafi beðið um orðið?

Snorri Steinn bað um orðið og lýsti yfir ánægju með fjárhagsáætlunina.

Fundarstjóri sagði þessum dagskrárlið þá lokið.

7. Siðareglur leiðsögufólks í VR

Fundarstjóri greindi frá því að fyrir fundinum liggi ein tillaga undir þessum dagskrárlið og er flutningsmaður Þórey Anna K Magnúsdóttir.

Fundarstjóri leiðréttir það og segir að þar sem um sé að ræða heildstæða tillögu en ekki viðbót við upprunalegu tillöguna þá eigi að kynna tillögu 1 fyrst sem er tillaga stjórnar deildarinnar. Fundarstjóri gefur Bryndísi Kristjánsdóttur orðið.

Siðareglur leiðsögufólks (tillaga 1)

Starf leiðsögufólks á Íslandi byggist á fagmennsku, öryggi og virðingu fyrir náttúru, sögu og menningu landsins. Leiðsögufólk ber virðingu fyrir starfsheiti sínu, gætir orðspors og hagsmuna stéttar sinnar og fylgir siðareglum deildar leiðsögufólks í VR.

Markmið reglnanna er að tryggja að framkoma og starfshættir leiðsögufólks endurspegli hámarksfagmennsku og siðferðileg viðmið samtímans. Þær eru leiðbeinandi um samband og samvinnu ferðafólks og leiðsögufólks og ætlaðar til að vernda orðspor, ímynd og trúverðugleika starfsgreinarinnar.

1. Leiðsögufólk gætir öryggis og velferðar ferðafólks og veitir ávallt faglega og ábyrga þjónustu í störfum sínum.
2. Leiðsögufólk miðlar fróðleik um land og þjóð á grundvelli staðreynda og faglegrar þekkingar. Það viðheldur þekkingu sinni og færni og tekur ekki að sér verkefni sem það hefur hvorki næga þekkingu né þjálfun til að sinna.
3. Leiðsögufólk hefur náttúruvernd og sjálfbærni að leiðarljósi í störfum sínum og vekur athygli ferðafólks á gildandi reglum um vernd náttúru Íslands.
4. Leiðsögufólk þekkir faglega ábyrgð sína sbr. starfslýsingu leiðsögumanna í kjarasamningi. Það forðast orð og athafnir er kunna að kasta rýrð á landið, þjóðina og lífsvenjur hennar. Sama gildir um umfjöllun um aðrar þjóðir.
5. Leiðsögufólk beitir sér fyrir að ekki sé farið í ferðir þegar veðurviðvaranir, aðstæður eða annað ástand gerir það ótryggt eða óábyrgt, né heldur þegar augljóst er að ekki sé mögulegt að uppfylla tilgang ferðar.
6. Leiðsögufólk gætir hagsmuna atvinnurekanda síns jafnt og viðskiptavina. Það sýnir lipurð og tillitssemi í samskiptum við farþega og virðir ábyrgðarsvið og vinnuframlag annarra.

7. Leiðsögufólk lætur ekki hagsmunatengsl hafa áhrif á störf sín og stundar hvorki sölumennsku né áskilur sér rétt til að þiggja ókeypis veitingar, umboðspóknanir eða önnur fríðindi í eigin þágu.

8. Leiðsögufólk tekur ekki þátt í áreitni, einelti eða ofbeldi af einu lagi, hvorki í orðum né gjörðum, og er ávallt á varðbergi gagnvart slíkri háttsemi annarra.

9. Hver sá sem telur að leiðsögumaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmunum að gæta getur vísað málinu til siðanefndar VR samkvæmt gildandi málsmeðferðarreglum.

Siðareglur þessar verða lagðar til samþykkis á aðalfundi deildar leiðsögufólks í VR þann 28. október 2025.

Bryndís greindi frá því að henni hafi verið falið að yfirfara siðareglur gamla félagsins. Þær séu leiðbeinandi um hvernig leiðsögufólk skuli hegða sér. Varðandi tillögu stjórnar um nýjar siðareglur hafi hún tekið allar eins og þær voru en þó einfaldað orðalagið þannig að kjarninn í hverri og einni grein haldist. Einnig hafi hún bætt við málsgrein sem tekur á því þegar leiðsögumenn eru sendir út í óþóðlegar aðstæður. Bryndís sagði að nokkrar breytingatillögur hafi borist, en að þannig liggi bakgrunnurinn að þessum siðareglum.

Þá býður fundarstjóri Þóreyju Önnu Kort Matthíasdóttur að koma og gera grein fyrir annarri tillögu að siðareglum.

Tillaga að siðareglum leiðsögufólks í VR (tillaga 2)

Tillaga að siðareglum leiðsögumanna er að fylgja (The Code of Tourist Guiding Practice) siðareglum Evrópusamtaka leiðsögumanna (FEG) sem er trygging fyrir fagmennsku, ábyrgð og þjónustu. Reglurnar endurspegla þau gildi og þá skuldbindingu sem leiðsögumenn sýna gestum sínum og þeirri þjóð sem þeir standa fyrir. Leiðsögumannafélög sem eru aðilar að FEG hafa samþykkt fyrir hönd félagsmanna sinna eftirfarandi meginmarkmið og grundvallarreglur:

1. Fagmennska og skuldbinding Leiðsögumaður skal veita gestum sínum faglega þjónustu, sýna umhyggju, ábyrgð og skuldbindingu við starfið. Upplýsingar skulu miðlaðar af hlutleysi og fagmennsku, án fordóma eða áróðurs.

2. Áreiðanleiki og heiðarleiki í upplýsingagjöf Leiðsögumaður skal kappkosta að tryggja að allar staðreyndir sem fram eru settar séu réttar. Jafnframt ber að gera greinarmun á staðreyndum annars vegar og sögum, þjóðsögum, hefðum eða persónulegum skoðunum hins vegar.

3. Sanngirni og virðing í samskiptum Leiðsögumaður skal ávallt sýna sanngirni og virðingu í öllum samskiptum við viðskiptavini, samstarfsaðila og aðra sem starfa innan ferðaþjónustunnar.

4. Virðing fyrir umhverfi og menningu Leiðsögumaður ber ábyrgð á að stuðla að jákvæðri ímynd ferðaþjónustunnar í sínu landi. Hann skal leggja sig fram um að hvetja gesti til að sýna virðingu fyrir náttúru, dýralífi, minjum, sögustöðum, siðum, hefðum og menningu heimamanna.

5. Gestgjafahlutverk og jákvæð kynning landsins Sem fulltrúi gestgjafalandsins skal leiðsögumaður taka vel á móti öllum gestum, nota jákvætt og innifalandi tungutak og hegða sér á þann hátt sem varpar ljóma á landið, eflir skilning og vekur áhuga á því sem ferðamannastað.

Samþykkt og endurskoðun Siðareglurnar voru samþykktar á VI. Evrópupingi leiðsögumanna í Syracuse á Sikiley árið 2004, og endurskoðaðar á ársfundi fulltrúa FEG í Porto árið 2022. Tel að deild leiðsögufólks í VR eigi að vera með sömu siðareglur og er þessi breytingatillaga lögð fyrir aðalfund deildar leiðsögufólks í VR.

Þórey segir tillöguna koma beint frá Evrópu og að hún sé þegar samþykkt innan leiðsögumannafélaga innan Evrópusambandsins. Þórey segir að deildin þurfi að koma sér ofar inn í ESB fagmennsku. Þá segir Þórey það farsælla fyrir okkar deild að vera með sömu siðareglur og þar ef við skyldum komast þar inn.

Fundarstjóri þakkar Þóreyju og spyr hvort fleiri vilji taka til máls.

Spurning kom úr sal þar sem spurt var hver þýddi þennan texta.

Þórey svaraði því að það gæti fylgt tillögunni að ekki er um að ræða löggilda þýðingu.

Jens Ruminy vildi áréttta að FEG hefur ekkert með ESB að gera. Innihald reglnanna væri ágætt en ef tillagan er samþykkt þá verður hún orðrétt eins og hún er lögð fram. Jens sagðist ekki geta samþykkt þennan texta að óbreyttu.

Þórey svaraði Jens og sagði leiðsögumannafélagin í FEG væru innan ESB og þess vegna tæki hún svona til orða.

Hallfríður Þórarinsdóttir lagði til að þessi tillaga Þóreyjar verði send til stjórnar líkt og gert var í fyrri dagskrárlið þannig að fundurinn þurfi ekki að samþykkja óyfirfarinn texta hér í kvöld.

Fundarstjóri þakkaði fyrir fyrirspurnir og svör. Hann taldi vera ákveðin og gild rök fyrir því að taka upp siðareglurnar sem Þórey kynnti. Ef þetta eru reglur sem samþykktar eru af Evrópupinginu þá þurfi að þýða þær rétt. Hann lagði til að siðareglur sem viðhafðar voru í félagi Leiðsagnar væru hafðar í gildi þangað til þessar siðareglur frá Evrópupinginu væru teknar upp í löggildri þýðingu.

Fundarstjóri spurði hver vilji flutningsmanna væri? Valkosturinn snúist um það hvort deildin viðhafi áfram þær siðareglur sem hafa verið í gildi.

Friðrik Rafnsson tók til máls og greindi frá því að þegar hann hafi verið formaður Leiðsagnar hafi siðareglurnar ekki verið uppfærðar í 10 ár. Farið var í vinnu við að uppfæra þær og bætt við atriðum eins og hvernig ætti að takast á við kynferðislega áreitni. Mikil vinna hafi verið lögð í vinnuna og siðfræðingur frá Siðfræðistofnun HÍ ráðinn. Friðrik telur þær halda vel vatni og í góðu lagi að nota þær og vinna hinar tillögurnar áfram. Hann sagði að svo væri hægt að birta þetta í gögnum sem leiðsögumenn fá og hvetja fyrirtæki til að birta þær.

Fundarstjóri þakkaði Friðrik og sagði að þá væri komið í ljós að í reynd séu til siðareglur.

Pétur Gauti Valgeirsson lagði til að báðar tillögur verði sendar til stjórnar. Að hans mati væru FEG reglur góðar líka og væri hér með málsmeðferðartillögu um að senda báðar tillögur til stjórnar.

Fundarstjóri sagði þetta vera skýrt og boðaði atkvæðagreiðslu um málsmeðferðartillögu Péturs Gauts.

Fundarstjóri spurði hvort fleiri vildu taka til máls áður en gengið er til atkvæða? Það vildi engin og fundarstjóri bar því tillöguna fram.

Samþykkt: 26

Á móti: 1

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu og vísað til stjórnar.

9. Önnur mál

Fundarstjóri greindi frá því að deildinni hafi borist breytingartillaga um starfsreglur stjórnar. Samkvæmt starfsreglum deildarinnar setur stjórn sér reglur sjálf. Tillöguna sendu þau Atli Sigurðarson, Guðný Margrét Emilsdóttir og Sigrún H Pálsdóttir og kynna þau tillöguna sjálf. Fundarstjóri bauð þeim að koma upp og kynna tillöguna.

Sigrún tók til máls og sagði að þeim hafi fundist mjög þarft að endurskoða starfsreglur stjórnar, þrátt fyrir að hún vissi að félagsmenn hafi ekki aðkomu að gerð þeirra.

Núgildandi kveði á um eftirfarandi:

„Almennt

Stjórn deildar leiðsögufólks í VR skal vinna sem ein heild og er sem slík ábyrg í störfum sínum gagnvart félagsfólki í deild leiðsögufólks í VR. Fundargerðir deildar leiðsögufólks í VR eru aðgengilegar félagsfólki á vef félagsins.”

Breytist svo: Almennt Fulltrúar í stjórn deildar leiðsögufólks í VR skulu í störfum sínum hafa mannvirðingu að leiðarljósi. Þau kappkosta að skiptast á skoðunum og takast á við sín verkefni á málefnalegum grundvelli. Stjórn starfar í umboði félagsmanna í deildinni og ber ábyrgð á verkum sínum gagnvart þeim. Fundargerðir deildar leiðsögufólks í VR eru aðgengilegar félagsfólki á vef félagsins.

Skýring: Fyrsta reglan í starfsreglum stjórnar deildar leiðsögufólks í VR er sú að stjórn SKULI vinna sem ein heild. En hvað þýðir slík krafa í ljósi þess að fólk í stjórnnum er ávallt kosið persónukosningu, hvorki kosið um eina heild, né um lista. Í lögum og stjórnarskrá er skýrt kveðið á um að kjörnir fulltrúar eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu. Þeir eiga að vera sjálfstæðir í störfum sínum. Það ríkir auk þess skoðana- og tjáningarfrelsi í landinu svo framarlega sem lög og siðareglur eru ekki brotnar. Afdráttarlaus krafa um að stjórn vinni sem ein heild virðir ekki þessi grundvallaratriði mannréttinda og lýðræðis og bíður hættunni heim á að misfara með vald. Hún vekur líka hugrenningartengsl við einræðisherra í fortíð og nútíð. Þeirra háttur er og hefur verið að afnema þessi mikilvægu mannréttindi, þ.e. skoðana- og tjáningarfrelsið. Fyrstu lögin sem tóku t.d. gildi eftir að Hitler komst til valda hétu Lög Nasistaflokksins til að tryggja EININGU flokks og ríkis. Í skjóli þeirra afnam hann öll mannréttindi. Þess vegna segjum við að aðgát skuli höfð þegar búnar eru til reglur sem taka til félagasamtaka og leggjum til að í stað afdráttarlausrar kröfu um einingu komi ákvæði sem hvetur stjórn til að nálgast skiptar skoðanir samstarfsfólks í stjórn af virðingu og vinna frekar að því að ná sameiginlegri lendingu í málum með þann rétt hvers og eins stjórnarmanns í huga að þeim sé frjálst að tjá sig og hafa skoðanir.

Sigrún benti á að í lögum VR komi það skýrt fram að það eigi að virða rétt fólks til skoðana og tjáningar. Hún vildi benda á að í sögu félagsins hafi vinnubrögðin ekki verið þannig. Hún benti jafnframt á að það séu grundvallaratriði mannréttinda sem fram komi í reglunum.

Fundarstjóri taldi þakkaði Sigrúnu og lagði til að stjórnin taki þær til sín og breyti þessum reglum ef hún telji ástæðu til. Tillögum sé þannig vísað til stjórnar. Fundarstjóri spurði hvort fleiri vildu taka til máls. Svo var ekki.

Þau sem eru samþykkt: 4

Á móti: 23

Tillagan er fallin.

Undir liðnum önnur mál bauð fundarstjóri Stefáni Sveinbjörnssyni framkvæmdastjóra VR að kynna árshlutayfirlit sjóða Leiðsagnar. Fundarstjóri áréttaði að um væri að ræða greinargerð.

Stefán gerði grein fyrir félagssjóði Leiðsagnar við sameiningu. Þar var rekstrarafkoma tæpar 3 milljónir, fjármunatekjur voru tæp hálf milljón og rekstrarafkoma var neikvæð um 2,5 milljónir. Eignir voru samtals 38 milljónir, eigið fé var upp á 15 milljónir og skuldir upp á 24 milljónir.

Stefán fór yfir árshlutayfirlit Endurmenntunarsjóðsins en þar voru tekjur upp á 2 milljónir og gjöld 2,5 milljónir. Rekstrarafkoma var tæplega 300 þúsund kr. Stefán sagði frá því að Endurmenntunarsjóðurinn hafi sameinast Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks um mitt árið 2025 og styrkir jukust allverulega og atvinnurekendur geta nú einnig sótt um styrki. Eignir voru 13 milljónir og skuldir 2 milljónir. Eigið fé og skuldir voru samtals 15 milljónir.

Þá fór Stefán yfir árshlutayfirlit sjúkrasjóðs Félags leiðsögumanna. Sjúkrasjóður var með 6 milljónir í tekjur og gjöld voru 6 milljónir. Rekstrarafkoma var upp á 2 milljónir. Eignir sjúkrasjóðsins hafa runnið í sjúkrasjóð VR sem hefur einnig tekið við skuldbindingum gamla sjúkrasjóðsins. Eigið fé var 147 milljónir og skuldir 11 milljónir.

Fundarstjóri þakkaði Stefáni fyrir kynninguna og sagði önnur mál vera tæmd. Enginn óskaði eftir því að taka til máls, því fól hann formanni deildarinnar, Halldóri Kolbeins, að slíta fundi.

Fundarritara og fundarstjóra var falið að ganga frá fundargerð og hún svo birt á vef VR.

Halldór þakkaði fyrrum formönnum Leiðsagnar, formanni VR og fundargestum fyrir kröftugan og skemmtilegan aðalfund og sleit fundi kl. 22:00.

Fundinn sátu um 27 fullgildi félagar í deild leiðsögufólks VR þegar mest var, samtals á staðfundi og fjarfundi.

Magnús M. Norðdahl fundarstjóri

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, fundarritari